

STEFNUSKJAL MENNINGARRÁÐS EYÞINGS

Tilgangur samstarfs í menningarmálum á svæði Eyþings er að

- styrkja menningarlega stöðu svæðisins
- samnýta krafta sveitarfélaga á svæðinu
- bæta nýtingu fjármuna til málaflokksins
- auka grósku í menningarstarfi
- draga fram samkenni og sérkenni
- tryggja sem flestum aðgengi að menningu

Framtíðarsýn

Öflugt samstarf sveitarfélaga í menningarmálum á svæði Eyþings með fulltingi ríkisins mun stuðla að sköpun og virkri þátttöku í menningarstarfi og auka vitund íbúa um sameiginlegt menningarsvæði. Áhersla verður lögð á kynningu á fjölbreyttri menningu svæðisins ásamt því að hlúa að sérstöðu menningarstarfs og menningararfs einstakra svæða og staða. Menningarstarf og -kynning verður sjálfsagður þáttur í uppeldi barna á svæðinu.

Meginstef í menningarstarfi

Listir, þar sem sérstök áhersla er lögð á að iðka, skapa og njóta, og menningararfur svæðisins, þar sem sérstök áhersla er lögð á að þekkja, vernda og virða, mynda meginstef í starfi Menningarráðs Eyþings. Undir hvort meginstef falla menningargreinar sem lögð verður sérstök rækt við.

• Listir

- Tónlist
- Leiklist
- Myndlist
- Ritlist
- Kvikmyndagerð
- Danslist
- Lifthönnun

• Menningararfur

- Tungan
- Sagan
- Bókmenntir
- Listir
- Alþýðumenning

Markmið og viðmið

Menningarráð Eyþings setur sér markmið og viðmið á grundvelli ofanritaðrar stefnu.

